

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 3. tbl. 10. árg. 11. febrúar 2016

Myndir augnabliksins eru frá öskudeginum í Hrísey.



Þú og framtíðin.

Í janúar heimsótti Soffía fræðslustjóri nemendur Giljaskóla á Akureyri og ræddi við þau um framtíðina og hvaða áhrif þau sjálf geta haft á hana. Hún tók nokkur dæmi um tækniundur í veröldinni og velti því fyrir sér og fékk nemendur með sér í að hugsa, hvað hafi þurft til að þessi tækniundur gætu orðið að veruleika. Þau drógu fram það sem þau töldu líklegt og í ljós kom að talsverða þekkingu hafi þurft til að hanna og byggja þessi tækniundur. Hún fjallaði einnig um þróun tækninnar og gerði nemendum grein fyrir að í þeirra framtíð yrði allt annar veruleiki en við fullorðna fólkið í dag munum nokkurn tímann ná að upplifa. Að því búnu fjallaði Soffía um það hvernig þau sjálf gætu búið sig undir þessa framtíð og hvað það er sem mestu máli skiptir. Hún ráðlagði nemendum að fara strax að skipuleggja framtíðina hvert fyrir sig og lagði áherslu á eftirfarandi þrjá þætti þegar hún talaði til þeirra:

Þú ræður hvernig þú hugsar!

Þú ræður hvað þú segir!

Þú ræður hvernig þú hegðar þér!

Soffía velti einnig upp ágengum spurningum um neikvæða hegðun sem hún ráðlagði hverjum og einum að svara fyrir sig. Hún gerði nemendum grein fyrir hver það væri sem tapaði mest á því að sýna óæskilega hegðun. Hún ræddi einnig um muninn á „nemand“ (sá sem mætir í skólann en gerir ekki endilega mikið) og „námsmanni“ (sá sem er mættur til að læra og bæta við sig þekkingu) og vísaði í því sambandi í hæfniskröfur aðalnámskrár grunnskóla.

Að lokum velti Soffía því upp með nemendum hvort þau væru til í að taka þátt í breytingum á einhverju í samfélaginu okkar og gerði þeim grein fyrir að hvert og eitt þeirra gæti haft áhrif. Hún benti á að ef við vildum auka ánægju í skólasamfélaginu þannig að allir fái notið sín, sé mikilvægt að hver og einn skoði hvernig manneskja hann/hún vill vera og láti sig varða hvernig öðrum líður.

„Þegar ég brosi líður mér vel – þegar þú brosir líður mér enn betur“ sagði Soffía að lokum.

Öskudagur á Tröllaborgum.

Mikil spenna og gleði einkennir öskudaginn og er hann í hugum flestra einn skemmtilegasti dagur ársins. Á Tröllaborgum hittust Móar og Lækur hittust saman á Völlum og slógu köttinn úr tunnunni. Þegar búið var að gera gat á tunnunna þá hrundu niður úr henni popppokar, þegar börnin voru búin að fá sér popp þá var haldið öskudagsball. Hér má sjá skemmtilegar myndir frá deginum.



Hliðaból SMT skóli.

Leikskólinn Hliðaból öðlaðist sjálfstæði í SMT skólafærni föstudaginn 5. febrúar 2016. Fáninn var afhentur og dreginn að húni í fallegu vetrarveðri.

Hvað er SMT? SMT - skólafærni, (útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) byggir á hugmyndafræði PMT og hefur verið innleidd í um helmingi leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar. SMT er hliðstæð aðferð og PMT þar sem lögd er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfa félagsfærni, hvetja æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Nánari upplýsingar um SMT má finna [hér](#).

Heimasíða Hliðabóls: <http://www.hlidabol.is/>



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

#Eymennt – lærdómssamfélag.

Nokkrir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu hafa verið að mynda með sér lærdómssamfélag um notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi. Samstarfið spratt út frá námskeiðinu Samspil 2015 þar sem fulltrúar skóla af öllum skólastigum hittast og læra saman á tæknina. Fjórir skólar í Eyjafirði ákváðu að halda því samstarfi áfram.

Ákveðið var að efna til menntabúða í Brekkuskóla á Akureyri þar sem hugmyndin var forprófuð en síðan sótti hópurinn um styrk úr endurmenntunarsjóði til að halda verkefninu áfram.

Þegar hafa verið haldnar fjórar menntabúðir og öðrum skólum í nágrenninu boðin þátttaka. Til að byrja með mættu 20-30 kennarar en fjöldinn hefur síðan farið stigvaxandi og í síðustu búðunum, voru þær fjórðu í röðinni, komu um 80 manns. Í menntabúðunum hafa kennarar, nemendur og stjórnendur kynnt hugbúnað og tækni sem þeir hafa verið að prófa sig áfram með í kennslu, við stjórnun skóla og í námi sínu.

Verkefnið hefur lykilaðrið lærdómssamfélags að leiðarljósi.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- miðla þekkingu og reynslu á notkun UST í skólastarfi milli skóla á svæðinu og læra hvert af öðru.
- skapa samstarfsvettvang um málefni UST í skólastarfi
- styðja við kennara og skapa aðstæður til að miðla af þekkingu og reynslu til annarra kennara og skólastjórna
- fá utanaðkomandi aðila sem hafa reynslu og þekkingu í UST til að koma með kynningu á nýjungum í UST í skólastarfi sem lærdómssamfélagið kemur sér saman um að vilja fá sérstaka kynningu á
- styðja við og styrkja lærdómssamfélagið sem þegar hefur myndast
- festa lærdómssamfélagið um UST á Eyjafjarðarsvæðinu í sessi.

Stýrihópur verkefnisins mynda: Bergþóra Þórhallsdóttir sérfræðingur á skóladeild Akureyrarbæjar, Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarisdóttir kennarar í Brekkuskóla á Akureyri, Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri Þelamerkurskóla í Hörgársveit, Hans Rúnar Snorrason kennari Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir deildarstjóri í Dalvíkurskóla.

Stýrihópurinn skipuleggur dagskrá og auglýsir menntabúðirnar með rafrænum hætti.

Fyrir hverjar menntabúðir er þema valið eða aldurstig sem sérstaklega er fókusað á. Menntabúðirnar eru einnig kjörinn vettvangur fyrir kennara af mismunandi skólastigum til að bera saman bækur sínar.

Þó svo áður nefndir skólar haldi utan um dagskrá og skipulag lærdómssamfélagsins sem hefur myndast, þá er öllum skólum á Eyjafjarðarsvæðinu og nágrenni boðið að senda fulltrúa sína í menntabúðirnar hverju sinni.

Verkefnið tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla (2013), endurmenntunaráætlunum samstarfsskólanna og skólastefnu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Áætlun um menntabúðir í Eyjafirði er sem hér segir:

Hrafnagilsskóli - september 2015 - **lokið**

Dalvíkurskóli - október 2015 - **lokið**

Þelamerkurskóli - nóvember 2015 - **lokið**

Brekkuskóli - janúar 2016 - **lokið**

Menntaskólinn á Akureyri - 18. febrúar 2016

Dalvíkurskóli - mars 2016

Þelamerkurskóli - apríl 2016

Brekkuskóli - maí 2016 (uppgjör og ávinningur metinn af samstarfinu)

f.h. stýrihópsins

Bergþóra Þórhallsdóttir



Sjá nánar á: <http://uttorg.menntamidja.is/2016/02/05/eymennt-menntabudir/>

Skólaval.

Nú stendur yfir innritun nemenda sem hefja nám í grunnskólum Akureyrar haustið 2016. Foreldrum stendur til boða að velja í hvaða skóla börn þeirra fara í samræmi við skólastefnu Akureyrarbæjar og fjölskyldustefnu. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér starfsemi skólanna vel og hvað þeir hafa upp á að bjóða. Grunnskólar Akureyrar verða með opið hús fyrir foreldra barna sem hefja skólagöngu haustið 2016 dagana 17. og 18. febrúar næstkomandi eins og hér segir:

Opið hús 17. febrúar kl. 09:00-11:00

Brekkuskóli

Lundarskóli

Naustaskóli

Oddeyrarskóli

Opið hús 18. febrúar kl. 09:00-11:00

Giljaskóli

Glerárskóli

Síðuskóli

Allar nánari upplýsingar um skólaval er að finna á heimasíðu skóladeildar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/moya/page/skoalval-grunnskola>